



REGLUGERÐ FYRIR ÓLYMPÍUAKADEMÍU ÍSÍ

Hlutverk.

Hlutverk Ólympíuakademíunnar er að útbreiða þekkingu um Ólympíuleikana, Ólympíuhreyfinguna og þær hugsjónir, sem hún byggist á.

Stjórn.

Fræðsluvið ÍSÍ fer með stjórn Ólympíuakademíu ÍSÍ.

Starfstími.

Starfstími Ólympíuakademíu ÍSÍ er hinn sami og framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Akademíuna skal skipa á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ eftir íþróttaping.

Verkefni.

1. Að gangast fyrir námskeiðum, fræðslufundum og erindaflutningi um Ólympíuleika og Ólympíuhugsjónina. Þ.á.m. skal Ólympíuakademían jafnan fræða þá, sem veljast til þátttöku í Ólympíuleikum um framangreind atriði, svo og um siði og tákni, sem Ólympíuleikum tengjast.
2. Að stuðla að útgáfu og dreifingu á fræðandi efni um ólympíustarfsemi og Ólympíuleika.
3. Að hafa til ráðstöfunar myndrænt efni fyrir þá, sem vilja kynna Ólympíuleika og Ólympíuhreyfinguna.
4. Að annast samskipti við fræðslusetur Alþjóðaólympíuakademíunnar í Grikklandi.
5. Að annast samskipti við fræðslustofnanir ólympíunefnda annarra þjóða.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 11. september 2003.